



Samþykktir fyrir Vinnuskóla Bláskógabyggðar

Vinnuskóli Bláskógabyggðar

Starfsemi vinnuskóla heyrir undir framkvæmda- og veitusvið Bláskógabyggðar. Sviðsstjóri stýrir daglegum rekstri skólans og ber ábyrgð á því að farið sé eftir settum reglum og stjórnar störfum flokkstjóra. Starfsmaður framkvæmda- og veitusviðs/húsvörður aðstoðar við skipulag verkefna vinnuskóla.

Sviðsstjóri ræður flokkstjóra og fylgist með því að þeir skili því starfi sem ætlast er til af þeim. Starfræksla vinnuskóla er háð því að flokkstjóri fái til starfa.

Flokkstjórar

Fjöldi flokkstjóra ræðst af fjölda nemenda í vinnuskólanum hverju sinni. Fjöldi nemenda bak við hvert stöðugildi flokkstjóra skal vera á bilinu 5 til 10. Aldurstakmark er 20 ár, kröfur eru gerðar um almenn ökuréttindi og hreint sakavottorð. Starfstími flokkstjóra er frá lokum maí til loka júlí, með möguleika á vinnu til 20. ágúst.

Flokkstjóri stjórnar daglegu starfi nemenda í samráði við sviðsstjóra. Hlutverk hans er að annast verkstjórn. Hann stuðlar að reglusemi, ástundun og góðri umgengni. Flokkstjóri er fyrirmynd unglínganna, vinnur með þeim og sýnir á hvern hátt skuli standa að verki og beita áhöldum, hann gengur eftir því að nemendur starfi samkvæmt reglum skólans, séu klæddir til útivinnu við mismunandi aðstæður og hafi með sér nesti ef með þarf. Flokkstjóri heldur skýrslu um mætingar og ástundun unglíngja, skilar vinnuskýrslum til sviðsstjóra og gefur nemendum umsögn um frammistöðu í lok starfstímans.

Markmið

Markmið Vinnuskóli Bláskógabyggðar er að skapa hollt og uppbyggjandi sumarstarf fyrir 14, 15 og 16 ára unglíngja í sveitarfélaginu. Vinnuskólinn er fyrir unglíngja með lögheimili í Bláskógabyggð, eða sem stunda nám í grunnskólum Bláskógabyggðar.

Vinnuskólinn reynir að hafa sumarstörfin sem nemendum eru boðin fjölbreytt og á mismunandi vinnusvæðum, bæði innan þéttbýlissvæða og utan þeirra. Í vinnuskólanum læra nemendur að nota algeng áhöld og verkfæri og ávinna sér reynslu af verklegum störfum.

Vinnutími

Vinnuskóli starfar frá mánudegi í 2. viku júní til fimmtudags í síðustu viku júlí. Unglingar vinna sér ekki inn veikindarétt og eru veikindadagar því ekki greiddir. Hægt er að fá leyfi á starfstímabilinu og þarf að láta flokkstjóra vita. Ekki er unnið 17. júní.

14 ára, úr 8. bekk grunnskóla

Starfstími: Mánudaga til miðvikudaga frá kl 08:00 til kl 14:00. Ef nemandi í 8. bekk hentar betur að vinna á fimmtudegi þá er það heimilt og fellur þá niður annar vikudagur á móti.

15 ára, úr 9. bekk grunnskóla:

Starfstími: Mánudaga til fimmtudaga frá kl. 08:00 til kl. 14:00.

16 ára, úr 10. bekk grunnskóla:

Starfstími: Mánudaga til fimmtudaga frá kl. 08:00 til kl. 14:00.

Helstu verkefni

Þríf og létt viðhald á lóðum stofnana sveitarfélagsins, umhirða opinna svæða og létt umhverfisverkefni. Nemendur geta sótt um að starfa við aðrar deildir sveitarfélagsins, svo sem leikskóla. Í þeim tilfellum farið er eftir 5. og 6 kafla reglugerðar um vinnu barna og unglinga nr. 462/1999 varðandi vinnutíma. Vinnutími í aðstoðarstörfum getur verið frábrugðinn almennum störfum vinnuskóla og aðlagður opnunartíma leikskóla. Þegar leikskólar fara í sumarfrí geta nemendur færst yfir í almenn störf vinnuskóla.

Laun

Laun eru greidd 1. hvers mánaðar fyrir liðið launatímabil. Nemandi þarf að eiga bankareikning á sinni kennitölu fyrir launagreiðslur. Allir á 16. ári og eldri þurfa að greiða skatt og það er á ábyrgð hvers og eins að ráðstafa sínum persónuafslætti til vinnuveitanda. Gott er að huga að þessu tímanlega og skila skattupplýsingum í fyrstu vinnuviku. Það er ekki hægt að leiðrétta eftir á.

Óhlýðni við reglur

Sviðsstjóri tekur ákvörðun með flokkstjóra um tímabundna brottvísun nemenda úr vinnu vegna óhlýðni eða brota á reglum skólans. Tímabundna brottvísun skal tilkynna forráðamanni og skrifstofu sveitarfélagsins. Láti nemandi sér ekki segjast við áminningu eða tímabundna brottvísun úr starfi fer sviðsstjóri með framhald málsins og hefur samband við forráðamann nemandans.

Annað

Nemendur mæta í eigin fötum og er mælt með að nota föt sem mega verða óhrein og slitna. Nemendur fá öryggisvesti sem skylt er að nota við vinnu. Skráning í vinnuskóla fer fram hjá sviðsstjóra framkvæmda- og veitusviðs.

Samþykkt af framkvæmda- og veitunefnd 07.05.2026.

Samþykkt af sveitarstjórn .05.2026.